

Mánudaginn 12. júlí 2010 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 20.00

Mætti voru allir aðalmenn fræðslunefndar. Fundinn sátu einnig Þorkell Ingimarsson, Jens P Jensen, Magdalena M. Einarsdóttir, Birgitta H. Halldórsdóttir, Jóhanna G. Jónasdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.

Jens P. Jensen bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 20.00

Fyrst voru tekin fyrir málefni Húnavallaskóla.

1. Ráðning skólaliða

Þorkell Ingimarsson gerði grein fyrir umsóknum í starf skólaliða. Vegna skipulagsbreytinga sem varða hið auglýsta starf var samþykkt að fresta ákvörðun um ráðningu skólaliða.

2. Önnur mál

Jens lagði fram til kynningar drög að skipulagi á skólaakstri fyrir skólaárið 2010/2011. Nokkur umræða fór fram um málið. Fræðslunefnd gerði ekki athugasemdir við drögin.

Þorkell Ingimarsson og Magdalena M. Einarsdóttir yfirgáfu fundinn.

Þá voru tekin fyrir málefni leikskóla.

Til fundar um málefni leikskóla mættu þær Jóhanna G. Jónasdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.

3. Ráðning starfsmanns á leikskóla.

Eftirfarandi aðilar sóttu um starfið: Þorbjörg Pálsdóttir, Margrét Jóhannsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir og Therese Möller. Fram kom hjá Jóhönnu að miðað við væntanlegan barnafjölda á leikskólanum verði ekki þörf á starfskrafti í fullt starf. Jóhanna mun ræða við umsækjendur um hvort umsóknir þeirra standi miðað við breyttar forsendur. Fræðslunefnd samþykkti þessa málsmeðferð og var afgreiðsla því frestað.

4. Önnur mál varðandi leikskóla.

Rætt var um lagfæringar á lóð leikskólans. Fram kom að búið er að dreina lóð þar sem uppspretta var, búið er að slétta undirlag undir rólum, settir hafa verið upp sex ljósastaurar, útboð í hellulögn verða opnuð á morgun og á hellulögn innan girðingar að vera lokið þann 6 ágúst n.k. umræður urðu um húsvörslu og snjómokstur við leikskóla, sem virðist ekki vera í lagi. Fræðslunefnd lagði áherslu á að þessir þættir verði með eðlilegum hætti.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 22.30

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.